



Stofnun Sameinuðu þjóðanna um menntun,
vísindi og menningu

Vegvísir fyrir listfræðslu

Heimsráðstefna um listfræðslu:
Efling sköpunarkrafts á 21. öld
Lissabon, 6.-9. mars 2006

Sjá nánar: <<http://www.unesco.org/culture/lea>>
Þýðing: Jón Hrólfur Sigurjónsson fyrir Félag tónlistarskólakennara
Útgáfa 1.4, 10. nóvember 2007

Vegvísir fyrir listfræðslu

Efling sköpunarkrafts á 21. öld

Innihald

I. Bakgrunnur

II. Markmið listfræðslu

1. Verndun réttarins til menntunar og menningarlegrar þátttöku
2. Stuðla að þroska einstaklingsins
3. Auka gæði menntunar
4. Stuðla að tjáningu menningarlegs fjölbreytileika

III. Hugtök tengd listfræðslu

1. Hin ýmsu svið lista
2. Nálgun / viðhorf til listfræðslu
3. Viddir í listfræðslu

IV. Nauðsynlegar aðferðir fyrir árangursríka listfræðslu

1. Menntun kennara og listamanna
2. Samvinna

V. Rannsóknir og þekkingarmiðlun

VI. Tillögur

1. Tillögur til kennara, foreldra, listamanna, og til stjórnenda skóla og skyldra stofnana
2. Tillögur til opinberra aðila, ráðuneyta og stefnumarkandi aðila
3. Tillögur til UNESCO og annarra fjölþjóðlegra stofnana, óopinberra stofnana og samtaka

Viðauki: Rannsóknardæmi

Athugasemdir þýðanda

Eins og fram kemur í annarri málsgrein á bls. 3 er vegvísirinn hugsaður sem „viðmiðunarskjal í þróun“. Líta ætti á þýðinguna með sama hætti. Sú þýðing sem hér birtist er því útgáfa 1.4, eins og fram kemur á forsíðu. Ef textinn er lagaður eða honum breytt miðað við ábendingar eða endurskoðun verður útgáfunúmer uppfært.

I Bakgrunnur

Þessi vegvísir er niðurstaða heimsráðstefnu (World Conference on Arts Education) um listfræðslu sem fram fór í Lissabon 6. til 9. mars 2006. Hann byggir á samþykktum ráðstefnunnar og leitast við að kanna þau tækifæri sem felast í listfræðsla til að mæta hugmyndum og kröfum um mikilvægi sköpunar og menningar á 21. öldinni. Áhersla er lögð á aðferðir sem nauðsynlegar eru til að auka vægi listfræðslu í hvers konar námsumhverfi.

Þessari skýrslu er ætlað að stuðla að sameiginlegum skilningi á mikilvægi listfræðslu og grundvallar mikilvægi hennar í bættri menntun. Leitast er við að skilgreina hugtök og benda á árangursrík verkefni og aðferðir í listfræðslu. Hvað varðar hagnýtt gildi er vegvísinum ætlað að vera viðmiðunarskjal í þróun sem útlisti þær breytingar sem verða og hvaða skref þarf að stíga til að vinna megi markvissar að áætlanagerð til eflingar listfræðslu í menntakerfinu (við formlegar jafnt sem óformlegar aðstæður). Vegvísinum er þannig ætlað að vera rammi um framtíðar ákvarðanir og verkefni á þessu sviði. Skjalinu er ætlað að miðla sýn og skapa samstöðu um mikilvægi listfræðslu í viðleitni til **að búa til skapandi og menningarlega meðvitað samfélag**; stuðla að samræðu og samstilltum ákvörðunum; og auðvelda að hægt verði að ná saman nauðsynlegu fjármagni og mannaúði til að tryggja megi hlut listfræðslu í menntakerfum og skólum.

Markmið listfræðslu eru mörg hver umdeild. Nefna má spurningar eins og:

- „Er tilgangur listfræðslu eingöngu sá að nemendur upplifi list eða er hugmyndin líka sú að listnám leiði til betri árangurs í öðrum fögum?“
- „Á að kenna listir listanna vegna eða vegna þekkingar, færni og gilda sem listirnar miðla (er markmiðið e.t.v. hvort tveggja)?“
- „Á listfræðsla að vera fyrir alla eða eingöngu fyrir fáa útvalda í tilteknum listgreinum?“

Atriði sem þessi móta viðhorf þeirra sem starfa við listfræðslu, kennara, nemenda og stefnumótandi aðila. Vegvísinum er ætlað að bregðast við þessum spurningum og undirstrikar að sköpunarkraftur og menningarleg þróun eigi að vera grundvallar þættir menntunar.

II Markmið listfræðslu

1. Rétturinn til menntunar og menningarlegrar þátttöku

Alþjóðlegar yfirlýsingar og samningar miða að því að tryggja öllum, börnum jafnt sem fullorðnum, rétt til menntunar og tækifæri sem tryggja þroska og fulla þátttöku í menningu og listalífi. Þessi réttur er grundvöllur þess álits að listfræðsla sé mikilvæg og skuli hafa miðlæga og skyldubundna stöðu í menntakerfum allra landa.

Menning og listir eru grundvallar þættir í alhliða menntun sem leitast við að efla og þroska einstaklinginn eins og frekast er mögulegt. Listfræðsla telst því til algildra mannréttinda sem allir eiga að njóta, líka þeir sem standa á einhvern hátt höllum fæti og hafa því oft ekki sömu tækifæri, svo sem innflytjendur, minnihlutahópar og fatlaðir. Þessar staðhæfingar speglast í eftirfarandi yfirlýsingum um mannréttindi og réttindi barnsins.

Hin algilda yfirlýsing um mannréttindi – aðgengileg á www.amnesty.is

Grein 22

„Hver þjóðfélagsþegn skal fyrir atbeina hins opinbera eða alþjóðasamtaka og í samræmi við skipulag og efnahag hvers ríkis eiga kröfu á félagslegu öryggi og þeim efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum, sem honum eru nauðsynleg til þess að virðing hans og þroski fái notið sín.“

Grein 26

„Menntun skal beina í þá átt að þroska persónuleika einstaklinganna og innræta þeim virðingu fyrir mannréttindum og mannhelgi. Hún skal miða að því að efla skilning, umburðarlyndi og vináttu meðal allra þjóða, kynþátta og trúarflokka og að efla starf Sameinuðu þjóðanna í þágu friðarins.“

Grein 27

„Hverjum manni ber réttur til þess að taka frjálsan þátt í menningarlífi þjóðfélagsins, njóta lista, eiga þátt í framförum á sviði vísinda og verða aðnjótandi þeirra gæða, er af þeim leiðir.“

Samningurinn um réttindi barnsins – aðgengilegur á www.barn.is

Grein 29

„Aðildarríki eru sammála um að menntun barns skuli beinast að því að: a) Rækta eins og frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess...“

Grein 31

„Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tólmstundaiðju.“

2. Stuðla að þroska einstaklingsins

Allir menn hafa sköpunargáfu. Listir skapa umhverfi og ferla þar sem nemandinn öðlast listrænan þroska um leið og hann glímir við skapandi verkefni og upplifanir. Rannsóknir¹ gefa til kynna að sé nemandinn virkjaður í listrænu starfi um leið og þættir úr hans eigin menningu eru fléttaðir með, þroskist hjá einstaklingnum sköpunarmáttur og frumkvæði, frjó hugsun, tilfinningaleg greind og siðrænt viðmið, gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og frelsi til hugsunar og athafna. Menntun í listum, og í gegnum listir, örvar vitsmunalegan þroska og tengir um leið það sem numið er, á meira viðeigandi hátt en ella, þörfum þess samfélags sem nemandinn lifir og hrærist í.

Fjöldmargar menntarannsóknir sýna að listræn upplifun, fræðsla um listir og það að kunna að meta list þroskar með fólki hæfileika til að koma auga á sérstakar eða jafnvel einstakar hliðar mála á ýmsum sviðum sem ekki tengjast endilega listum með beinum hætti. Þennan hæfileika er erfitt að þroska með öðrum hætti.

Forsenda virkrar þátttöku barna og fullorðinna í lista- og menningarlífi er menntun þar sem fólk lærir að skilja, meta og upplifa þá listrænu tjáningu sem listamenn nota til að kanna og

¹ For examples of research studies and evidence, refer to the reports from preparatory meetings for the World Conference on Arts Education; cf. LEA International at <http://www.unesco.org/culture/lea> as well as *Educating for Creativity: Bringing the Arts and Culture into Asian Education*, Report of the Asian Regional Symposia on Arts Education, UNESCO 2005.

miðla innsæi um hin ýmsu svið mannlegra tilveru og samveru. Þar sem markmiðið er að gefa öllum jöfn tækifæri til menningarlegrar og listrænnar iðju þarf listræn þjálfun að vera skyldubundinn hluti menntunar fyrir alla. Listmenntun verður líka að vera hnitmiðuð og hana verður að veita yfir langan tíma.

Listnám styður við menntun sem samþættir líkamlega, vitsmunalega og skapandi eiginleika mannsins og stuðlar að öflugum og gefandi tengslum menntunar, menningar og lista.

Þessir eiginleikar eru sérstaklega mikilvægir í ljósi þeirra áskorana sem samfélög standa frammi fyrir á 21. öldinni. Til að mynda hafa samfélagsbreytingar haft þau áhrif að börn njóta oft minni athygli foreldra en áður. Tilfinningaleg og félagsleg vandamál eru algengari hjá börnum vegna samskiptaleysis og skorts á innihaldsríkum mannlegum samskiptum innan fjölskyldunnar. Ennfremur eru miðlun menningarhefða og listrænna starfa innan fjölskyldna vaxandi erfiðleikum háð, sérstaklega í borgum.

Mikil áhersla á bóknám fram yfir nám þar sem tilfinningar koma meira við sögu hefur valdið því að vaxandi gjá hefur myndast milli vitsmunalegs- og tilfinningalegs þroska. Prófessor Antonio Damasio heldur því fram að þessi áhersla á hið vitsmunalega á kostnað hins tilfinningalega eigi þátt í hrakandi siðferði í nútíma samfélagi. Tilfinningar eru samofnar allri ákvarðanatöku og virka sem leiðarljós eða vegvísir fyrir athafnir og hugmyndir, hugsun og dómgreind. Án aðkomu tilfinninga yrði hver athöfn, hugmynd eða ákvörðun alfarið byggð á rökrænum forsendum. Siðræn hegðun, sem er undirstaða samfélagslegrar tilveru, krefst tilfinningalegrar þátttöku. Prófessor Damasio heldur því fram að listfræðsla styrki friðarmenningu vegna þess að slík fræðsla stuðli að tilfinningalegri virkni og betra jafnvægi milli vitsmunalegs- og tilfinningalegs þroska.

Samfélög 21. aldarinnar þarfnast í vaxandi mæli vinnuafls sem er skapandi, sveigjanlegt, hefur aðlögunarhæfni og er úrræðagott. Menntakerfi þurfa að þróast með hliðsjón af þessum þörfum. Listfræðsla þroskar þessa eiginleika með nemendum, gefur þeim tækifæri til að tjá sig, meta umhverfið á gagnrýnninn hátt og takast á við hin ýmsu svið mannlegrar tilveru.

Listmenntun er líka leið sem þjóðir geta farið til að rækta og þroska mannauð sem auðlind. Þessi auðlind er sú uppspretta sem þjóðir verða að sækja í ef þær vilja rækta, þroska og þróa sterkar, sjálfbærar og skapandi menningariðngreinar og framleiðslu. Iðngreinar af þessu tagi geta grundvallað félagslegar og efnahagslegar framfarir í löndum þar sem þróunin er skemur á veg komin.

Ennfremur skal undirstrikað að fyrir marga er menningariðnaðurinn (t.d. kvikmyndir, sjónvarp og skyldir miðlar) og menningarstofnanir (svo sem söfn, tónleikastaðir, menningarmiðstöðvar, listasöfn og leikhús) lykil gáttir að menningu og listum. Listmenntun getur hjálpað fólki að uppgötva, og bregðast við á gagnrýnninn hátt, því fjölbreytilega litrófi menningarlegrar tjáningar sem birtist í afurðum menningariðnaðarins og í starfsemi menningarstofnana. Menningariðnaðurinn þjónar svo aftur sem brunnur fyrir kennara sem leitast við að samþætta listir og menntun.

3. Auka gæði menntunar

Samkvæmt *Education for All (EFA) Global Monitoring Report*, sem útgefið var af UNESCO 2006, fjölgar þeim börnum í heiminum sem hafa aðgang að menntun. Gæði menntunar eru þó enn lítil í flestum löndum heimsins. Nauðsynlegt er að allir fái menntun, en jafn nauðsynlegt er að menntunin sé góð.²

„Góð menntun“ er nemandamiðuð og hana má skilgreina út frá þremur grunnþáttum: (1) hún er viðeigandi hvað námsfólk varðar og styrkir jafnframt algild verðmæti; (2) hún stuðlar að jöfnuði hvað varðar aðgengi og það sem kennt er, og tryggir jöfnuð í stað útilokunar; (3) hún tekur mið af og hjálpar til að uppfylla einstaklingsbundin réttindi.³

Góð menntun á þannig að efla með nemum þá eiginleika og getu sem kemur að bestum notum í umhverfi þeirra og hjálpar nemendum að njóta sín og ná árangri í samfélaginu. Góð menntun þarf að höfða til nemandans og ríma við áhuga hans, vonir og þrár. Góð menntun þarf á hliðstæðan hátt að höfða til fjölskyldu nemandans og samfélags. Loks þarf góð menntun að grundvallast á mannréttindum og vera aðgengileg öllum.

Samkvæmt *the Dakar Framework for Action*⁴, eru fjölmargir þættir nauðsynleg forsenda góðrar menntunar. Nám í listum og í gegnum listir (e. „Arts Education“ og „Arts-in-Education“) getur stutt og styrkt að minnsta kosti fjóra þessara þátta: virkinnám (active learning); viðeigandi námskrár og námsframboð sem virkjar áhuga og eldmóð nemenda; virðing fyrir og skuldbinding við nærumhverfi og menningu; þjálfaða og metnaðarfulla kennara.

4. Stuðla að tjáningu menningarlegs fjölbreytileika

Listir eru birtingarform menningar og um leið farvegur menningarlegrar þekkingar. Sérhver menning hefur einstök tjáningarform og menningarstarfsemi. Ólíkar menningarheildir, með sínar skapandi listrænu afurðir, tjá jafnt samtíma sem hefðbundin form mannglegrar sköpunar. Á þennan einstakan hátt stuðlar listræn iðja að göfgi, arfleifð, fegurð og einlægni mannlífsins.

Meðvitund um og þekking á menningarlegum hefðum og listrænni tjáningu styrkir persónulega og félagslega sjálfsvitund og gildismat og stuðlar þannig að eflingu og varðveislu menningarlegs fjölbreytileika. Listfræðsla ræktar því og styrkir menningarlega vitund og starf og er sá farvegur sem þekking og upplifun streymir um frá einni kynslóð til annarrar.

Á mörgum menningarsvæðum eru að glatast áþreifanleg jafnt sem óáþreifanleg svið menningar og mannlífs vegna þess að þeim er ekki sinnt í menntakerfinu og þeim því ekki miðlað til uppvaxandi kynslóða. Mjög mikilvægt er því að menningarleg þekking og tjáning fái aukið vægi í menntakerfinu. Þessu markmiði má ná með formlegri jafnt sem óformlegri listfræðslu.

Margar helstu framkvæmdaleiðir áætlunar UNESCO um Menningarlegan fjölbreytileika, sem samþykkt var af aðildarlöndum samtakanna 2001, undirstrika þessa nauðsyn. Þar má nefna:

² UNESCO, 2005, *EFA Global Monitoring Report 2006*, UNESCO, Paris, p. 58.

³ UNESCO, 2004, *EFA Global Monitoring Report 2005*, UNESCO, Paris, p. 30.

⁴ *Dakar Framework for Action*, 2000, http://www.unesco.org/education/efa/ed_for_all/framework.shtml

Framkvæmdaleið 6: Um leið og móðurmálið er ræktað skal stuðla að fjölbreytileika tungumála eins og frekast er unnt á öllum stigum menntakerfisins og efla tungumálakennslu frá unga aldri.

Framkvæmdaleið 7: Efla í gegnum menntun jákvætt viðhorf til menningarlegs fjölbreytileika og bæta í þessum tilgangi námskrár, námsefnisgerð og kennaramenntun.

Framkvæmdaleið 8: Nota hefðbundnar kennsluáðferðir þar sem við á í þeim tilgangi að varðveita og nýta eins og frekast er kostur menningarlega viðeigandi áðferðir, samskipti og miðlun þekkingar.

III Hugtök tengd listfræðslu

1. Hin ýmsu svið lista

Á öllum tímum og á öllum menningarsvæðum hefur fólk leitað svara við spurningum er snerta hinstu rök tilverunnar; þetta mun ekki breytast. Sérhver menning þróar áðferðir og leiðir til að miðla og tjá það innsæi sem til verður við þessa leit. Grunnþættir miðlunar eru orð, hreyfing, snerting, hljóð, hrynur og myndmál. Á mörgum menningarsvæðum er sú tjáning sem miðlar innsæi og stuðlar að hugsun og viðbrögðum hjá fólki kölluð „list“. Í gegnum söguna hafa merkimiðar af ýmsu tagi verið settir á listræna tjáningu. Nauðsynlegt er að skilja að þó hugtök eins og „dans“, „tónlist“, „leiklist“ og „skáldskapur“ séu notuð um víða veröld er dýpri merking þessara orða breytileg eftir menningarsvæðum.

Af þessu leiðir að skoða verður hvers konar upptalningu listgreina sem hagnýta en breytilega flokkun í stöðugri þróun. Tæmandi upptalning verður ekki reynd hér en bráðabirgðalisti gæti innifalið sviðslistir (dans, leiklist, tónlist, o.s.frv.), bókmenntir, handverk, hönnun, stafræna list, sagnalist, menningararf, sjónlistir og kvikmyndir, margmiðlun og ljósmyndun.

Listir ætti að kynna nemendum jafnt og þétt í gegnum listræn ferli og upplifanir. Nauðsynlegt er að meta gildi hins listræna ferlis ekki síður en afurðarinnar eða útkomunnar, „listaverksins“. Þar sem listgreinar er oft ekki hægt að takmarka við eitt svið eða fag verður auk þess að undirstrika þverfaglega eiginleika þeirra og það sem er þeim sameiginlegt.

2. Nálgun / viðhorf til listfræðslu

Allir menn hafa til að bera ímyndunarafli, sköpunarkraft og uppfinningasemi. Þessa eiginleika má þroska og styrkja og þessi þrjú grunnferli eru nátengd. Eins og Sir Ken Robinson hefur sagt er ímyndunaraflið einkennandi þáttur mannlegrar greindar, sköpunargáfan er afurð ímyndunaraflsins og það að finna eitthvað upp lokar ferlinu þegar gagnrýnið mat er notað á þróun hugmynda.

Sérhver áðferð í listfræðslu verður að hafa umhverfi og menningu nemandans sem útgangspunkt. Þroskuð sjálfsmynd, með rætur í djúpri virðingu fyrir eigin menningu, er besti hugsanlegi útgangspunkturinn þegar kanna á, og á endanum virða, menningu annarra. Kjarni þessa viðhorfs er meðvitundin um stöðuga þróun menningarinnar og gilda hennar bæði sögulega og í samtímanum.

Umgjörð og innihald menntunar ætti ekki einungis að spegla einkenni hverrar listgreinar heldur einnig miðla listrænum aðferðum sem gera samskipti og samvinnu mismunandi menninga möguleg í fjölbreytilegu félagslegu og sögulegu umhverfi.

Í þessu tilliti eru tvær aðferðir í listfræðslu sem nota má samtímis. (1) Listir má kenna sem einstakar listgreinar; þannig má þjálfra og þroska listræna færni, næmi og virðingu fyrir listum. (2) Listir má einnig nálgast sem aðferð í námi og kennslu þar sem listrænar og menningarlegar víddir eru fléttaðar inn í öll fög sem kennd eru.

„Listir í námi“ (Arts in Education – AiE) er nálgun þar sem listir (og aðferðir og hefðir sem tengjast listum) eru notaðar sem farvegur til að kenna önnur fög og til að dýpka skilning á þessum fögum. Til að mynda má nota liti, form og fleira úr myndlist og byggingalist til að kenna fög eins og eðlisfræði, líffræði og rúmfræði. Eins má nota leiklist eða tónlist sem aðferð til að kenna tungumál. Með vísan til fjölgreindarkenningarinnar leitast „listir í námi“ við að hámarka þann ávinning sem hlýst af listfræðslu fyrir allra nemendur og allar námsgreinar. Þessi aðferð leitast líka við setja kenningar í samhengi með því að nota listir í hagnýtum tilgangi. Til að þessi þverfaglega nálgun skili árangri þarf að breyta kennsluaðferðum og þjálfun kennara.

3. Víddir í listfræðslu

Listfræðsla er uppbyggð með hliðsjón af þremur straumum í kennslufræði sem styðja hver annan:

- Skoðun, greining og fræðsla um listaverk.
- Bein upplifun listar (t.d. tónleikar, sýningar, bóklestur, kvikmyndir.)
- Iðkun lista.

Þannig má segja að þrjár víddir séu í listfræðslu (1) nemandinn öðlast þekkingu í gegnum samskipti við listaverkið (eða flutning þess), listamanninn eða kennarann. (2) Nemandinn öðlast þekkingu í gegnum eigin listræna vinnu. (3) Nemandinn öðlast þekkingu í gegnum rannsóknir og nám á tilteknu listaverki og stöðu þess í listasögunni.

IV Nauðsynlegar aðferðir fyrir árangursríka listfræðslu

Listfræðsla í háum gæðaflokki krefst bæði vel þjálfaðra listgreinakennara og almennra kennara. Góða listfræðslu má líka styrkja og styðja með vel heppnuðu samstarfi kennara og listamanna.

Í þessu samhengi þarf að huga að tveimur atriðum að minnsta kosti:

- Veita kennurum, listamönnum og öðrum sem málið varðar nauðsynlega aðstöðu og menntun. Skapandi nám krefst skapandi kennslu.
- Hvetja til skapandi samstarfs og samvinnu á öllum sviðum milli ráðuneyta, menntastofnana, kennara, listageirans, vísindasamfélagsins og almennasamtaka.

Ef samvinna á að vera árangursrík verður að ríkja sameiginlegur skilningur á þeim markmiðum sem stefnt er að sem og gagnkvæm virðing aðila fyrir þekkingu og færni hvers aðila samstarfsins. Til að skapa grundvöll fyrir framtíðar samvinnu kennara og listamanna verða aðilar að hafa innsýn og þekkingu í fleiri svið en þeirra eigin, þ.m.t. gagnkvæman áhuga á námi og kennslu (kennslufræði).

Endurskoða þarf menntun listamanna og kennara þannig að kennurum og listamönnum sé veitt þekking og reynsla sem gerir þeim kleift að deila ábyrgð og verkstýra námi, og nýta til fulls möguleika og kosti þverfaglegrar samvinnu. Að koma í kring þeim sérstöku aðstæðum sem stuðla að samvinnu af þessu tagi krefst átaks í flestum samfélögum.

Af þessu leiða tvær megin aðferðir til árangursríkrar listfræðslu: viðeigandi og vönduð menntun fyrir kennara og listamenn, og samvinna milli menntakerfa, menningarkerfa og einstaklinga.

1. Menntun kennara og listamanna

Þetta tengist mismunandi viðhorfum og reynslu sem almennir kennarar, listgreinakennarar og listamenn hafa hvað varðar ferli og starf innan mennta- og menningargeirans. Vönduð og árangursrík menntun þessara aðila listfræðslunnar er því grundvallar atriði.

- Menntun almennra kennara

Æskilegast væri að kennarar (og skólastjórnendur) hefðu skilning á starfi listamanna og gildi starfa þeirra, og kynnu jafnframt að meta listir. Kennara ætti einnig að mennta þannig að þeir geti unnið með listamönnum í menntakerfinu. Slíkt myndi bæði opna þeim leið til persónulegs þroska og gera þeim kleift að nýta listirnar við kennslu, auk þess sem þeir fengju innsýn í hvernig list verður til og hvernig henni er miðlað. Þannig fengju þeir líka þjálfun í að greina, túlka og meta listaverk; samtímalist jafnt og eldri list; list framandi menningarheima jafnt og eigin menningar.

Sýnt hefur verið fram á að nota má listir með góðum árangri við kennslu námsgreina sem vanalega eru ekki flokkaðar beint til lista. Kennarar ungra barna, umfram aðra almenna kennarar, hafa því sérstaklega nýtt sér aðferðir lista í kennslu (Arts in Education). Dæmi: Sönglög og texta má nota til að festa í minni tiltekin orð í tungumálakennslu, skilgreiningar í kennslu vísinda- og samfélagsgreina eða hugtök og reglur í stærðfræði. Samþætting lista við kennslu annarra greina, sérstaklega í kennslu ungra barna, er hugsanlega mótvægi við þann tímaskort sem víða verður vart vegna vaxandi þrýstings á að námskráin taki til stöðugt fleiri þátta eða greina. Árangur af samþættingu sem þessari er þó sennilega háður því að jafnhliða fari fram sérstök menntun í listum.

- Menntun listgreinakennara

Kennsla í listum þarf að ná lengra en að kenna tiltekna færni, aðferðir eða koma á framfæri tiltekinni þekkingu. Menntun listgreinakennara þarf því að vera breið og ná lengra en til starfa á vinnustofu. Kennaranemar verða að kynna sér aðferðir og færni listamanna úr fleiri en einni listgrein, og þroska samskipti og samvinnu við listamennina sjálfa, jafnt og kennara í öðrum greinum, við þær kringumstæður sem nám og kennsla fer fram.

Sem dæmi um áherslur í vönduðu listkennaranámi má nefna áherslu á þekkingu og færni í:

- einni eða fleiri listgrein
- listrænni tjáningu sem tekur til fleiri en einnar listgreinar
- aðferðafræði í listkennslu
- aðferðafræði í þverfaglegri kennslu í listum og í gegnum listir
- námskrár- og námsefnisgerð
- námsmati sem hæfir listfræðslu
- formlegri listfræðslu (í skólum)
- óformlegri listfræðslu (félagasamtök)

Góðir skólar einir og sér verða aldrei fullnægjandi. Eins og rætt er hér á eftir er oft hægt að efla listfræðslu með ýmiskonar samvinnu einstaklinga og félagasamtaka. Verkefni eins og heimsóknir í listasöfn eða sýningarsali, eða að sækja lifandi listflutning; verkefni eins og listamenn í skólum eða umhverfismennt í gegnum listfræðslu, geta öll veitt nemendum jafnt sem kennurum dýrmæt tækifæri til menntunar og fróðleiks.

Nauðsynlegt er einnig að undirstrika notagildi nýrrar tækni í sköpun listar (sjónlista, tónlistar, nýmiðla) og hvernig nýta má upplýsingatækni í menntun kennara. Þessi tækni hefur skapað nýjar víddir í listfræðslu og opnað ný hlutverk fyrir listkennara á 21. öldinni. Upplýsingatæknin getur orðið farvegur fyrir samvinnu listkennara, listamanna, vísindamanna og annarra aðila í fræðslugeiranum.

Tölvugerð list er til að mynda þegar viðurkennt listform, hvort heldur litið er til framleiðslu listar eða aðferða við kennslu eða miðlun. Þrátt fyrir þetta er þessi notkun tölvutækninnar óvída kennd í skólum. Ein ástæða gæti verið sú að þó kennarar hefðbundin listgreina vildu gjarnan nota tölvur í listkennslu þá skortir þá reynslu, kennslufræðilega þjálfun og almennan stuðning hvað varðar fjárveitingu og aðstöðu.

Kennarar einstakra greina í framhaldsskóla geta komið af stað verkefnum sem byggja á samvinnu ýmissa sérgreina. T.d. þar sem viðskipti og upplýsingatækni væru tekin inn í kennslu um viðskiptalegar hlið listanna, eða verkefni þar sem listirnar væru tengdar sögu eða samfélagsfræðum. Verkefni sem þessi krefjast þess að kennarar annarra greina en lista hafi skilning á mikilvægi og gildi listfræðslu.

Loks er mikilvægt, að minnsta kosti í nærumhverfinu og e.t.v. líka á landsvísu, að mótaðar séu leiðbeinandi reglur og viðmið sem lúta að menntun og starfsþjálfun listgreinakennara. Ýmis viðmið af þessu tagi hafa verið sett fram⁵ sem gætu hjálpað við þróun, framkvæmd og mat á uppbyggingu listfræðslu einstakra landa.

(Sjá „Case Study“ í Viðauka)

- Menntun listamanna

Listamenn á öllum sviðum jafnt og fagfólk á menningarsviðinu ætti að hafa tækifæri til að bæta menntun sína og færni hvað varðar samvinnu við starfandi kennara, hvort heldur þeir

⁵ Principally in the USA, such as: Early Adolescence through Young Adulthood Art standards by the National Board for Professional Teaching Standards (NBPTS), Standards for Art Teacher Preparation , Purposes, Principles, and Standards for School Art Programmes, and The National Visual Arts Standards.

starfa í skólum eða á öðrum vettvangi (t.d. hjá fyrirtækjum, félagasamtökum eða félagsmiðstöðvum). M.ö.o. bjóða þarf upp á fræðslu sem felst í samskiptum og beinni samvinnu við kennara og nemendur. Samvinna og samvinnuverkefni milli kennara- og listnema í starfsþjálfun gæti líka orðið kveikja að frekari samvinnu þessara aðila síðar meir.

(Sjá „Case Study“ í Viðauka)

Megin hindrun þess að koma megi á samvinnu mennta- og menningarstofnana eða að auka megi og bæta menntun allra þeirra sem tengjast listfræðslu er viðvarandi fjárskortur og, sérstaklega utan þéttbýlla svæða, skortur á bókasöfnum, leikhúsum, söfnum hvers konar og öðrum skyldum stofnunum.

2. Samstarf

Þrátt fyrir að sköpun og ýmislegt sem henni tengist sé gert hátt undir höfði í opinberum stefnumótingum skortir meðvitund og skilning á grundvallar mikilvægi vandaðrar menntunar í að fóstura sköpun. Ef samvinna er grundvallar forsenda og útgangspunktur er hvorki dýrt né erfitt að koma menntun í listfræðslu í framkvæmd.

Með þetta í huga er nauðsynlegt að ráðuneyti mennta- og menningarmála, og þeir aðilar sem koma að framkvæmd og mati á listfræðslu, beri sameiginlega ábyrgð. Framlag og verksvið hvers aðila þarf að vera öllum ljóst. Samþættingu lista og menntunar þannig að úr verði skapandi nám er best að koma í kring með samvinnuverkefnum eins og þeim sem lýst er hér á eftir.

- Stjórnsýslustig ráðuneyta eða sveitarstjórna

Hinar ýmsu ráðuneytisdeildir sem hafa mennta- og menningarmál í sinni forsjá geta unnið saman að stefnumótun og fjárveitingu til skólaverkefna af ýmsu tagi sem framkvæmd eru á skólatíma eða utan skólatíma. Hugsanlega mætti sameina þá stefnumótunavinnu á vegum ráðuneytis er varðar listir og menntun með það að markmiði að tengja menntakerfin og listaheiminn í gegnum ýmis verkefni og samvinnu milli menningarstofnana og skóla. Markmið samvinnuverkefna af þessu tagi ættu að vera það að listir og menning verði miðlæg í menntun; ekki skraut í þeim hluta námskrár sem leggja má niður ef að krepptur eða ef aukinn tíma þarf til annarra verkefna.

(Sjá „Case Study“ í Viðauka)

- Skólakerfið

Í flestum borgum, bæjum og þorpum heimsins starfa menningarstofnanir af einhverju tagi. Nú er almennt viðurkennt að nám og kennsla eru ekki bundin við skóla eingöngu. Nýir möguleikar til náms og fræðslu hafa orðið til í gegnum samvinnu skóla og menningarstofnana. Í sumum löndum er löng hefð fyrir samvinnu af þessu tagi. Mikill breytileiki er hins vegar í því hversu árangursríkt þetta samstarf er.

Forsenda þess að samvinnuverkefni skili árangri er einlægur stuðningur og þátttaka menningarstofnana og skóla. Náin samvinna hefur leitt af sér nýstárleg verkefni, aðallega í tengslum við heimsóknir í menningarstofnanir. Slíkar heimsóknir veita nemendum miklar upplýsingar, náið samband við listir og möguleika á að sjá og upplifa margvísleg listræn ferli auk þess sem miklir möguleikar skapast á samþættem kennsluáðferðum. Í leikskólamenntun,

en börn á leikskólaaldri eru afar móttækileg fyrir sjónrænu námi, getur virk samvinna stofnana skapað tækifæri til öflugri og árangursríkari kennsluáferða.

(Sjá „Case Study“ í Viðauka)

- Kennarinn

Árangursríkt samstarf er líka gjöfult fyrir kennara. Auðga má kennsluáferðir í gegnum upplifanir sem fást með því að bjóða listamönnum að þróa verkefni sem byggja á sérþekkingu þeirra á sviði hreyfingar, orða, hljóðs, hryns og myndrænnar framsetningar. Skólaverkefni gætu innifalið samvinnu milli listamanna, kennara og skólans enda taki verkefnin mið af aldri nemendanna, kennsluáferðum og þeim tímamörkum sem takmarka skólaverkefni.

Í sumum tilfellum veita menningarstofnanir kennurum, listamönnum, fjölskyldum og nemendum aðgang að heildstæðu námsefni og tengdum upplýsingum yfir tölvunet.

(Sjá „Case Study“ í Viðauka)

Fjöl margar áskoranir bíða þeirra sem hyggjast þróa samstarf af þessu tagi. Fjárveiting til listfræðslu, ef hún er fyrir hendi, kann að vera miðstýrð og e.t.v. lítil möguleiki (eða vilji) til að deila fjárveitingavaldinu með öðrum. Opinbert skrifræði á öllum stigum hefur gjarnan þröngt sjónarhorn og lítinn hvata til samvinnu. Loks er munur milli mennta- og menningargeirans hvað varðar „stofnanamenningu“ (hefðir, venjur), uppbyggingu og skipulag.

V Rannsóknir og þekkingarmiðlun

Ef stuðla á að vexti skapandi krafts og meðvitundar um gildi menningar á 21. öldinni er grundvallar forsenda að ákvarðanir séu byggðar á vel grundaðri þekkingu. Til að stjórnáráðgjafi listfræðslu (Arts Education) og list í fræðslu (Arts-in-Education) er nauðsynlegt að sýna fram á afrakstur og árangur.

Færa má rök fyrir því að sköpunarkraftur eins og hann birtist í menningunni sé sú auðlind heimsins sem dreifist hvað jafnast. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að sum menntakerfi geta haft hamlandi áhrif á sköpunarkraftinn á meðan önnur ýta undir hann. Almenn er álitid að listfræðsla sé ein árangursríkasta leiðin til að fóstora sköpunarkraftinn ef aðferðafræði námsins er rétt. Hvernig þetta gerist nákvæmlega liggur hins vegar ekki nógu skýrt fyrir. Rök fyrir gildi listfræðslu ná þess vegna illa til stefnumarkandi aðila. Rannsóknir á þessu sviði þarf því að efla.

Þó listfræðsla hafi að einhverju marki verið rannsökuð sem sérstakt svið menntunar og rök séu fyrir ávinningi þess að samþætta listir og menntun þá eru þessi rök fátækleg í mörgum löndum, illa rökstudd og óaðgengileg.

Þó finna megi mörg dæmi um árangursríka og vel framkvæmda listfræðslu láist oft að setja fram þá fræðilegu undirstöðu sem byggt er á eða skrásetja nægjanlega vel þann árangur og ávinning sem næst. Fá dæmi liggja því fyrir um rannsóknir á einstaka fyrirmyndar verkefnum sem nota mætti til að afla listfræðslu fylgis. Þessi skortur á aðgengilegum upplýsingum er ein stærsta hindrun bættra kennsluáferða, þess að hægt sé að sannfæra stefnumótandi aðila, og að listfræðsla fái sinn sess í menntakefinu.

Eins og fram hefur komið innifela lærdómsferli í listfræðslu sköpun listar jafnt sem glímu við og umhugsun um list (upplifun, greiningu, túlkun, gagnrýni og heimspekilega rökræðu um skapandi listir). Þessi einkenni á eðli náms og kennslu í listfræðslu gefa rannsakendum mikilvægar vísbendingar um aðferðafræði. Rannsóknir í listfræðslu verða að skoða, sjá og hugsa um viðfangsefnið bæði frá listrænu og kennslufræðilegu sjónarhorni.

Rannsóknir af þessu tagi geta verið alþjóðlegar, náð til heillar þjóðar, stofnunar, eða einstakra kennslugreina. Horfa ætti sérstaklega á atriði eins og:

- Lýsingu á uppbyggingu og umfangi þeirrar listfræðslu sem þegar er til staðar.
- Tengsl milli listfræðslu og sköpunarkrafts (creativity).
- Tengsl listfræðslu og félagsfærni/félagsvirkni/frumkvæðis/metnaðar (empowerment).
- Mat á listfræðslu og aðferðum sem þar eru notaðar, sérstaklega hvað varðar jákvæð félagsleg og einstaklingsbundin áhrif.
- Fjölbreytni aðferða hvað varðar framkvæmd listfræðslu.
- Árangur, áhrif markaðra stefnu í listfræðslu.
- Eðli og áhrif samvinnu milli mennta- og menningarstofnana hvað varðar framkvæmd listfræðslu.
- Þróun og notkun viðmiða í kennaramenntun.
- Mat á námi nemenda í listfræðslu (leit að þeim matsaðferðum sem best eiga við).
- Áhrif menningariðnaðarins (t.d. sjónvarps og kvikmynda) á börn og aðra námsmenn hvað varðar menntun þeirra í listum, og aðferðir sem tryggja að menningariðnaðurinn bjóði ábyrga listfræðslu (félagslega, siðferðislega, menningarlega...).

Í framkvæmd ættu rannsóknir í listfræðslu að innifela eftirfarandi skref:

- Rannsóknaráætlun og að tryggja fjárstuðning við hana.
- Skipulagning funda, málþinga og ráðstefna um rannsóknir í listfræðslu til eflingar rannsókna á þessu sviði.
- Framkvæma kannanir meðal kennara í listgreinum til að skilgreina áhugaverð rannsóknarverkefni.
- Stuðla að þverfaglegri samvinnu varðandi aðferðafræði í rannsóknum í listfræðslu.

Síðast en ekki síst geta rannsóknir farið fram í háskólum og öðrum stofnunum í samvinnu við sérstaka „upplýsingastofnun“ sem safnar, greinir, vinnur úr og miðlar upplýsingum og þekkingu um listfræðslu. Slík upplýsingamiðstöð yrði áreiðanleg uppspretta upplýsinga fyrir þá sem færa vildu rök fyrir og vinna að eflingu listfræðslu. Stofnunin gæti safnað upplýsingum varðandi einstök áhugasvið, t.d. menntun í listflutningi (performing arts education), eða staðbundna listfræðslu (t.d. á tilteknu landsvæði).

Niðurstöður

Að þroska sköpunarkraft og menningarlega vitund fyrir hið breytta samfélag 21. aldarinnar er krefjandi og mikilvægt verkefni sem ekki verður umflúið. Virkja verður alla mögulega krafta samfélagsins í viðleitni til að tryggja að uppvaxandi kynslóðir öðlist þekkingu, færni og, það sem e.t.v. er mikilvægara, viðhorf, gildi og siðræn viðmið sem gera þær að ábyrgum heimsborgurum og merkisberum sjálfbærrar framtíðar.

Almenn, breið og vönduð menntun er grundvallaratriði. Menntun er því aðeins góð ef hún, í gegnum listfræðslu, þroskar innsæi og viðhorf, sköpunarkraft og frumkvæði, gagnrýna hugsun og þann mannauð og starfskraft sem er nauðsynlegur fyrir mannlíf á nýrri öld.

Óskandi væri að þessi vegvísir nýttist sem uppskrift eða leiðarljós þeim sem vilja efla og styðja listfræðslu. Sem slíkur á vegvísirinn að breytast, aðlagast og útvíkkast eins og þörf krefur svo hann nýtist sem best þjóðum og menningu hvar sem er í heiminum.

VI Tillögur

